



VIÐ ERUM ODDFELLOW

Við, félagar í Oddfellowreglunni, erum
á öllum aldri, úr öllum stéttum þjóðfélagsins
og erum um 1% af íbúafjölda landsins.



UPPHAF ODDFELLOW

Elstu rituðu heimildir um Oddfellowregluna eru frá 1537.

Reglan barst frá Bretlandi til Bandaríkjanna þegar Oddfellowinn Thomas Wildey fluttist þangað og stofnaði Stúku nr. 1, Washington, í Baltimore, þann 26. apríl 1819.

Oddfellowreglan á Íslandi er grein af þeim
meiði Reglunnar sem þarna var settur á stofn.

Fyrstu árin voru eingöngu karlmenn í Reglunni en árið 1851 var fyrsta kvennastúkan stofnuð að frumkvæði Oddfellowans Schuyler Colfax sem varð síðar varaforseti Bandaríkjanna. Nefnast þær Rebekkustúkur.



Upphaf Oddfellowreglunnar á Íslandi má rekja aftur til
1. ágúst 1897 þegar Stúkan nr. 1, Ingólfur, var stofnuð í Reykjavík.



Thomas Wildey stofnaði Stúku nr. 1, Washington, 26. apríl 1819.

ODDFELLOW BRÆÐUR OG SYSTUR

Við störfum í Regludeildum sem við köllum
bræðrastúkur og Rebekkustúkur.
Á öftustu síðu í ritinu má sjá nöfn og heimilisföng þeirra.

Einkunnarorð okkar eru:

VINÁTTA
KÆRLEIKUR
SANNLEIKUR

Fundir í stúkum eru haldnir reglulega þar sem við fylgjum
ákveðinni dagskrá og siðareglum. Utan funda er stundað
öflugt félagsstarf sem er mismunandi á milli stúkna.

VINÁTTA

Á meðal Oddfellowa ríkir sönn vinátta.

Við vinnum stöðugt að því að rækta okkur sjálf og bæta með stuðningi hvers annars. Við hittumst fyrir og eftir stúkufundi og spjöllum saman um daginn og veginn.

Eftir fundi eru bornar fram veitingar og oft flutt fræðslu- eða skemmtiefni.

Utan funda hittumst við reglulega og gerum okkur glaðan dag saman. Skemmtikvöld eru mörg og mismunandi á milli Regludeilda.

Makar okkar, börn og barnabörn taka oft virkan þátt í félagslífinu og stundum er vinum og ættingjum boðið með á skemmtikvöld.

Mörg okkar hafa eignast sína bestu vini í Oddfellowreglunni.



KÆRLEIKUR

Með kærleikann að leiðarljósi vinnum við að velferð í samfélaginu og látum gott af okkur leiða án þess að vænta nokkurs í staðinn.

Við leggjum okkar af mörkum til samfélagsins með fjárstyrkjum, vinnuframlagi, gjöfum og félagslegum stuðningi við sjúka og aldraða.



Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa er sameiginlegur sjóður sem hefur veitt myndarleg framlög til líknarmála.




SANNLEIKUR

Sannleikur skapar traust á milli manna.
Í Oddfellowreglunni reynum við að vera heiðarleg og
sannorð í orði og verki.

Við viljum gera allt af heilum hug.

Sú krafa er gerð til allra Oddfellowa að sannleikurinn setji slíkt mark
á persónu okkar, að orðum og gjörðum Oddfellowa megi treysta.



Vissir þú að
viðbygging við hús
Ljóssins var gjöf frá
Oddfellowreglunni?

ODDFELLOW SKIPTIR MÁLI

„Við þökkum enn fyrir spítalann í Laugarnesi, við þökkum fyrir atbeina við gerð berklahælisins á Vífilstöðum, við þökkum annan dugnað ykkar og kærleiksverk nú um stundir, líknardeildina í Kópavogi, stuðning við Píetasamtökin, Ljósið, Hjálparstarf kirkjunnar, Frú Ragnheiði og áfram mætti lengi telja.“

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands
Úr afmæliskveðju Guðna til Oddfellowreglunnar á Íslandi.

Vissir þú að viðhald og endurbætur á líknardeildinni í Kópavogi var gjöf frá Oddfellowreglunni?



„Stuðningur Oddfellowreglunnar skiptir gríðarlegu máli fyrir starfsemi Reykjalundar, en hann gerði okkur kleift að endurnýja heilmikið af tækjakosti stofnunarinnar.“

Birgir Gunnarsson, forstjóri Reykjalundar

Um fjárstuðning Oddfellowreglunnar til endurnýjunar á mikilvægum búnaði Reykjalundar.

„Þessi bíll hefur sem sagt skipt verkefnið Frú Ragnheiði gríðarlega miklu máli og þá sérstaklega fyrir fólkið sem hefur leitað til okkar. Takk Oddfellowar fyrir að hafa látið þetta gerast.“

Svala Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri Frú Ragnheiðar

Um bifreið sem Styrktar- og líknarjóður Oddfellow gaf Rauða krossinum.

„Ef ekki væri fyrir stuðning Oddfellowreglunnar þá væri deildin ekki það sem hún er í dag. Mikil vinna við húsnæði deildarinnar á árum áður skilaði sér í heimilislegu umhverfi fyrir þá sem hér dvelja.“

Kristín J. Þorbergsdóttir, deildarstjóri Líknardeildar

Um stuðning Oddfellowreglunnar

„Fyrir allt þetta erum við í Samhjálp óendanlega þakklát og metum mikils það góða verk sem Oddfellowreglan á Íslandi vinnur.“

Vörður Leví Traustason, fv. framkvæmdastjóri Samhjalpar

Um fjárstyrk Oddfellowreglunnar við byggingaframkvæmdir við meðferðarheimilið í Hlaðgerðarkoti.

„Fjármunir sem við fengum frá Oddfellow eru ómetanlegir og gera okkur kleift að greiða fagfólki fyrir vinnu sína.“

Kristín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Pieta samtakanna
Um fjárstyrk Oddfellowreglunnar til forvarnarstarfs gegn sjálfsvígum.

„Það má með sannni segja að húsnæðiskostur Ljóssins væri ekki eins og raun ber vitni án aðkomu Oddfellowreglunnar. Við erum óendanlega þakklát fyrir hlýhug og stuðning sem þið hafði sýnt Ljósinu frá upphafi.“

Erna Magnúsdóttir, forstöðumaður Ljóssins
Um aðkomu Oddfellowreglunnar að stækkun húsnæðis samtakanna að Langholtiavegi í Reykjavík.

„Við á samfélaginu má sjá verk Reglusystkina. Það er gott að búa í þjóðfélagi þar sem fólk gefur af sér til samfélagsins og styður þar með við fólk sem þarf nast aðstoðar og styður við starfsemi stofnana sem hafa sérhæft sig í aðstoð við aðra.“

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands
Kveðja og þakkir biskups til Oddfellowreglunnar.



NOKKRIR HEIMSÞEKKTIR ODDFELLOWAR

Innan Oddfellowreglunnar er breiður og fjölbreyttur hópur fólks úr öllum stéttum samfélagsins. Til gamans má nefna hér nokkra þekkta Oddfellowa.



Eleanor Roosevelt,
forsetafrú og stjórnmálaleiðtogi



Charlie Chaplin,
leikari og leikstjóri




Georg IV,
Englandskonungur 1820-1830



Sir Winston Churchill,
forsætisráðherra Bretlands



Charles A. Lindbergh,
flugmaður og rithöfundur



Franklin D. Roosevelt,
forseti Bandaríkjanna 1933 - 1945

SIÐIR OG MERKI

Oddfellowreglan er ekki leynifélag.
Innan hennar eru siðir og merki sem við höldum einungis fyrir okkur.

Á fundum ræðum við hvorki trúmál né stjórnmál.

Starfstími stúkna er frá miðjum september fram í miðjan maí.

Stúkufundir eru ýmist vikulega eða hálfsmánaðarlega.
Ekki er mætingarskylda á fundi.

Bræður og systur geta heimsótt aðrar stúkur á Íslandi og í Evrópu.

Á stúkufundum gilda ákveðnar reglur og hefðir um klæðnað.

Með starfi okkar í Oddfellowreglunni styðjum við samfélagið og látum gott af okkur leiða með hagsmuni annarra að leiðarljósi.

Það teljum við einn besta eiginleika í fari sérhvers manns.

Vissir þú að á árinu 2018 styrkti
Oddfellowreglan góð málefni um að
meðaltali rúmar 400.000 krónur á
dag eða 148 milljónir á ári.

REGLUHEIMILIN

Reykjavík
Vonarstræti 10



Vestmannaeyjar
Strandvegi 45



Akureyri
Sjafnarstíg 3



Hafnarfjörður
Staðarbergi 2 - 4



Akranes
Kirkjubraut 54 - 56



Selfoss
Vallholti 19



Egilsstaðir
Fagradalsbraut 25



Sauðárkrókur
Viðigrund 45



Reykjanesbær
Grófinni 6



Ísafjörður
Aðalstræti 35



Oddfellowheimilin á Íslandi eru öll í okkar eigu og
lítum við á þau sem okkar annað heimili.

AÐ GANGA Í ODDFELLOWREGLUNA

Til að verða Oddfellowi þarft þú að vera lögráða og fjárhagslega sjálfstæður.

Við viðurkennum tilvist „einnar æðstu veru sem skapað hefur heiminn og heldur honum við“ óháð trúarbrögðum.

Við greiðum félagsgjöld sem renna til líknarmála og standa einnig straum af rekstri Oddfellowreglunnar og Regluheimila.

Með umsókn í Oddfellowregluna þurfa að fylgja meðmæli frá tillögumanni sem er fullgildur félagi í Reglunni.

Ef þú hefur áhuga á að ganga í Oddfellowregluna en þekkir engan Oddfellowa getur þú haft samband við skrifstofu Oddfellowreglunnar í gegnum heimasíðu hennar, www.oddfellow.is





Upplýsingar um
Oddfellowregluna og félagaáðild
að henni er að finna á
www.oddfellow.is



Kynningarefni um
starfsemi Oddfellowreglunnar.
[https://www.oddfellow.is/
is/hvad-er-oddfellow/myndbond](https://www.oddfellow.is/is/hvad-er-oddfellow/myndbond)



Bræðra- og Rebekkustúkur

St. nr. 01, Ingólfur
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
ingolfur@oddfellow.is

St. nr. 02, Sjöfn
Sjafnarstig 3
600 Akureyri
sjofn@oddfellow.is

St. nr. 03, Hallveig
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
hallveig@oddfellow.is

St. nr. 04, Herjólfur
Strandvegi 45,
900 Vestmannaeyjum
herjolfur@oddfellow.is

St. nr. 05, Þórsteinn
Vonarstræti 10
101, Reykjavík
thoursteinn@oddfellow.is

St. nr. 06, Gestur
Aðalstræti 35
400 Ísafirði
gestur@oddfellow.is

St. nr. 07, Þorkell máni
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
thorkellmani@oddfellow.is

St. nr. 08, Egill
Kirkjubraut 54 - 56
300 Akranesi
egill@oddfellow.is

St. nr. 09, Þormóður goði
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
thormodurgodi@oddfellow.is

St. nr. 10, Þorfinnur karlsefni
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
karlsefni@oddfellow.is

St. nr. 11, Þorgeir
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
thorgeir@oddfellow.is

St. nr. 12, Skúli fógeti
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
skulifogeti@oddfellow.is

St. nr. 13, Njórður
Grófinni 6
230 Reykjanesbæ
njordur@oddfellow.is

St. nr. 14, Bjarni riddari
Staðarbergi 2 - 4
221 Hafnarfirði
bjarniriddari@oddfellow.is

St. nr. 15, Freyja
Sjafnarstig 3
600 Akureyri
freyja@oddfellow.is

St. nr. 16, Snorri goði
Staðarbergi 2 - 4
221 Hafnarfirði
snorrigodi@oddfellow.is

St. nr. 17, Hásteinn
Vallholti 19
800 Selfossi
hasteinn@oddfellow.is

St. nr. 18, Ari fróði
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
arifrodi@oddfellow.is

St. nr. 19, Leifur heppni
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
leifurheppni@oddfellow.is

St. nr. 20, Baldur
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
baldur@oddfellow.is

St. nr. 21, Þorlákur helgi
Staðarbergi 2 - 4
221 Hafnarfirði
thorlakturhelgi@oddfellow.is

St. nr. 22, Sif
Viðigrund 5
550 Sauðárkróki
sif@oddfellow.is

St. nr. 23, Gissur hvíti
Staðarbergi 2 - 4
221 Hafnarfirði
gissurhviti@oddfellow.is

St. nr. 24, Hrafnkell Freysgoði
Fagradalsbraut 25
700 Egilsstöðum
hrafnkellfreysgodi@oddfellow.is

St. nr. 25, Rán
Sjafnarstig 3
600 Akureyri
ran@oddfellow.is

St. nr. 26, Jón forseti
Grófinni 6
230 Reykjanesbæ
jonforseti@oddfellow.is

St. nr. 27, Sæmundur fróði
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
saemundurfrodi@oddfellow.is

St. nr. 28, Atli
Vallholti 19
800 Selfossi
atli@oddfellow.is

Rbst. nr. 01, Bergþóra
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
bergthora@oddfellow.is

Rbst. nr. 02, Auður
Sjafnarstig 3
600 Akureyri
audur@oddfellow.is

Rbst. nr. 03, Vilborg
Strandvegi 45
900 Vestmannaeyjum
vilborg@oddfellow.is

Rbst. nr. 04, Sigríður
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
sigridur@oddfellow.is

Rbst. nr. 05, Ásgerður
Kirkjubraut 54 - 56
300 Akranesi
asgerdur@oddfellow.is

Rbst. nr. 06, Þórey
Aðalstræti 35
400 Ísafirði
thorey@oddfellow.is

Rbst. nr. 07, Þorgerður
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
thorgerdur@oddfellow.is

Rbst. nr. 08, Rannveig
Staðarbergi 2 - 4
221 Hafnarfirði
rannveig@oddfellow.is

Rbst. nr. 09, Þóra
Vallholti 19
800 Selfossi
thora@oddfellow.is

Rbst. nr. 10, Soffía
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
soffia@oddfellow.is

Rbst. nr. 11, Steinunn
Grófinni 6
230 Reykjanesbæ
steinunn@oddfellow.is

Rbst. nr. 12, Barbara
Staðarbergi 2 - 4
221 Hafnarfirði
barbara@oddfellow.is

Rbst. nr. 13, Eir
Viðigrund 5
550 Sauðárkróki
eir@oddfellow.is

Rbst. nr. 14, Elísabet
Staðarbergi 2 - 4
221 Hafnarfirði
elisabet@oddfellow.is

Rbst. nr. 15, Björk
Fagradalsbraut 25
700 Egilsstöðum
bjork@oddfellow.is

Rbst. nr. 16, Laufey
Sjafnarstig 3
600 Akureyri
laufey@oddfellow.is

Rbst. nr. 17, Þorbjörg
Vonarstræti 10
101 Reykjavík
thorbjorg@oddfellow.is

Rbst. nr. 18, Eldey
Grófinni 6
230 Reykjanesbæ
eldey@oddfellow.is

Rbst. nr. 19, Þórdís
Kirkjubraut 54 - 56
300 Akranesi
thordis@oddfellow.is

Rbst. nr. 20, Halldóra
Vallholti 19
800 Selfossi
halldora@oddfellow.is